

30. júlí 2011

Fundur nr. 57

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 26. júlí 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir og Björn Sæbjörnsson.

1. Vignir yfirþjálfari mætir kl. 19:30

Vignir mætti á fund og upplýsti stjórnina um beiðni sem komið hefur frá Njarðvík um samstarf 4 flokk drengja og jafnvel stúlkna í fotboltanum í haust. Stjórnin veitti samþykki sitt og var Vigni falið að vinna áfram að málinu.

Einnig var viðruð sú hugmynd að ef um sameiginlegar æfingar yrði að ræða og krakkar á vegum Þróttar myndu æfa t.d. 2. í viku í Reykjaneshöll (sem við fengjum þá endurgjaldslaust) með Njarvík yrði að ath. hvort skólabilinn sé laus og félagið fengi hann til afnota. Skoðað nánar ef af samstarfi verður og æfingatöflur liggja fyrir. Ingu Sigrúni framkvæmdastjóra var falið að athuga þetta mál nánar.

Ákveðið að fara af stað með 4 flokk bæði drengja og stúlkna í haust. Stjórnin stefir á að efla kvennaboltan frekar. Vignir upplýsti stjórnina um að Marteinn þjálfari hefði óskað eftir að komast að sem þjálfari hjá félaginu, og mun stórnin boða hann á næsta fund.

Vignir sagði stjórninni frá því að hann ætlaði að fá krakkana í 5 flokk til þess að ganga í hús og selja boli 8. eða 9. ágúst. Framkvæmdastjóra var næst falið að setja auglýsingu inn á www.190.is og auglýsa bolina. Hver bolur á 1.000 krónur og þar af renna 300 krónur til foreldrafélagsins af hverjum seldum bol.

Vignir hyggst boða Matta á fund þann 9. ágúst kl. 19:30

2. Hilmar þjálfari meistaraflokks mætir kl. 20:00

Hilmar mun hætta sem þjálfari meistaraflokks að loknu þessu tímabili en lýsti jafnframt áhuga á að koma inn sem leikmaður næsta sumar. Hilmar hættir störfum sem þjálfari meistaraflokks og fer til Sandgerðis. Stjórnin þakkaði Hilmari fyrir vel unnin störf. Þórir mun halda áfram að sinna meistaraflokki.

3. Fundagerð síðasta fundar

Stjórnin hyggst þrýsta frekar á bæjarráð hvað varðar kaup og/eða leigu á tækjabúnaði í eigu Þróttar. Stjórnin vill fá skýrari svör frá bæjarráði s.s. hvenær bærinn hyggst kaupa búnaðinn. Ákveðið var að senda bæjarfélaginu reikning með leigu á dýnum og slátturvél. Framkvæmdastjóri þarf að finna verðmiða á öll áhöld í eigu Þróttar svo að hægt sé að gera sér grein fyrir verðmætum áhaldanna og þar með undirbúið sölu á tækjunum.

Framkvæmdastjóra var falið að ræða nánar við Steinar sundþjálfara og láta hann vita af hvernig hans staða er.

Ákveðið var að allir þjálfarar sem starfa hjá Þrótti ættu að fá sambærilegan samning. Þar með þarf að endurskoða endanlegan samning Magnúsar júdóþjálfara.

4. Niðurfelling á æfingargjöldum

Stjórn ákvað að fresta þessum lið þar til á næsta fundi þar sem að fjárhagsáætlun liggur ekki fyrir.

5. Önnur mál

Sandra Helgadóttir tók að sér að sjá um hverfaleikana á fjölskyldudaginn sem er á vegum Þróttar. Einnig verða sjóppur á vegum Þróttar á fjölskyldudaginn og skulu allir í stjórn Þróttar, líka varamenn, taka þátt í afgreiðslustörfum þar. Tímanum verður skipt á milli allra og því fleiri sem mæta því styttri tíma verður úthlutað á hvern og einn. Í sjóppunni verður m.a. selt gos og sælgæti. Einnig var ákveðið að það þurfi að útvega kari fullt af klökum til þess að hafa við sjóppuna.

Árskort í Bláa Lónið. Þróttarar þurfa að vera duglegir að selja þau, en ef ekki tekst að klára öll kortin fyrir fjölskyldudaginn verður reint að selja þau á fjölskyldudaginn.

Eineltismál voru einni rædd lítillga á fundinum, en þeim síðan frestað þar til á næsta fundi þar sem endanleg niðursaða verður tekin.

Framkvæmdarstjóra falið að lagfæra og senda yfirlýsingu Þróttar er varðar víxlu nýja fótboltavallarinnis til bæjarráðs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:25

Yfirlýsing Þróttar er varðar víxlu nýja fótboltavallarinnis

Stjórn Þróttar harnar að nýju fótboltavellirnir hafi ekki verið tilbúnir fyrir víxlu á fjölskyldudaginn. 7. flokks leikir koma ekki í staðin fyrir víxlu á völlum á vegum meistaraflokks Þróttar. Telur stjórnin að nær sé að bíða með víxlu vallanna fram á næsta vor. Hins vegar er að sjálfsgöðu í lagi að 7. flokkur haldi lítið mót á vellinum, en það kemur ekki í stað víxlunnar.